

endum, ef þess er óskað, að endurskoða þennan þátt reikningskila, þó að fulln-  
aðar reikningskil hafi ekki fram farið.

## 11. gr.

Nú telur Sildarútvegsnefnd þess þörf að boða til fundar með sildarsaltendum  
og/eða sildarútvegs mönnum varðandi mikilvæg atriði um sölu og/eða framleiðslu  
sildar, getur nefndin þá boðað til slíks fundar með hæfilegum fyrirvara.

Ef Félag sildarsaltenda á Norður- og Austurlandi og/eða Félag sildarsaltenda  
á Suður- og Vesturlandi óska eftir að boðað verði til fundar um mikilsvarðandi  
mál sildarútvegs eða sildarsölu, er Sildarútvegsnefnd skylt að boða til slíks fund-  
ar, svo fljótt sem við verður komið.

## 12. gr.

Um brot á reglugerð þessari fer svo sem segir í 11. gr. laga nr. 62/1962.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 21. apríl 1962 um Sildarút-  
vegsnefnd og útflutning saltaðrar sildar til að öðlast þegar gildi og birtist til  
eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglu-  
gerð nr. 132 23. júní 1952 um sölu og útflutning saltsildar, þar með talin krydd-  
sild, sykursild og önnur sérverkuð sild.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4. september 1968.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Jón L. Arnalds.*

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Fáskrúðsfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu.**

Fasteignaskatt í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu skal innheimta með  
200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964,  
5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum  
þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. september 1968.*

**Magnús Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur verið ákveðið að fella niður  
stöðvunarskyldu á Laugalæk gagnvart umferð um Sundlaugaveg og á eystri akrein  
Miklubrautar gagnvart Suðurlandsbraut.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 22. ágúst 1968.*

**Sigurjón Sigurðsson.**